



# Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp



önnur útgáfa 2009  
fylgiskjal með ASK 2008-2020



*Skorradalshreppur*

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Samvinna íbúa og sumarhúsafólks</b> .....	<b>4</b>
Staðan 2008: .....	4
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	4
<b>2. Vatn</b> .....	<b>5</b>
Staðan 2008: .....	5
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	5
Brýnt verkefni vegna brunavarna: .....	5
<b>3. Fráveitumál</b> .....	<b>6</b>
Staðan 2008: .....	6
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	6
<b>4. Úrgangsmál</b> .....	<b>7</b>
Staðan 2008: .....	7
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	8
<b>5. Umhverfisfræðsla:</b> .....	<b>9</b>
Staðan 2008.....	9
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	9
<b>6. Menningarminjar og náttúruvernd:</b> .....	<b>10</b>
Staðan 2008: .....	10
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	10
Tillögur að söguskiltum: .....	11
<b>7. Samgöngur og fjarskipti:</b> .....	<b>13</b>
Staðan 2008.....	13
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	13
<b>8. Auðlindir svæðisins:</b> .....	<b>14</b>
Vatnasvið Skorradalsvatns: .....	14
Staðan 2008.....	14
Orka: .....	14
Staðan 2008.....	14
Efnistaka:.....	14
Staðan 2008.....	14
Skógur: .....	14
Staðan 2008.....	14
Útivist og upplifun: .....	15
Staðan 2008.....	15
Framtíðarsýn og brýn verkefni: .....	15
<b>Viðauki 1: Verkefnabanki</b> .....	<b>16</b>



## Inngangur

Staðardagskrá 21 var fyrst unnin fyrir Skorradalshrepp árið 2004. Hér er fyrsta endurskoðun hennar, gerð í tengslum við tillögu að fyrsta aðalskipulagi Skorradalshrepps 2008-2020. Staðardagskrá 21, eða „dagskrá 21. aldar“ (St 21) er velferðaráætlun sem öllum sveitarstjórnnum heims er ætlað að gera samkvæmt ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiro 1992. Áætlunin skal unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á hverju svæði og byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem framtíðarsýn viðkomandi sveitarfélags er sett fram.

Meginspurningin sem sett var fram árið 2004 var: „*Hvernig viljum við að sveitarfélagið þróist á næstu árum og áratugum?*“ Ákveðnir málaflokkar voru teknir fyrir og í hverjum flokki voru sett fram helstu verkefni og þeim forgangsraðað. Við val málaflokka var rætt um hvort einn málaflokkurinn ætti að vera skipulagsmál. Það var hins vegar ákveðið að gera það ekki, í ljósi yfirstandandi vinnu að aðalskipulagi hreppsins, þar sem fram færi stefnumótun í þeim málum. Í vinnu Staðardagskrárnefndarinnar var hins vegar talsvert rætt um skipulagsmál, svo sem hve marga bústaði svæðið geti borið og hvaða áhrif fjölgun bústaða í dalnum geti haft á ýmsum sviðum.

Árið 2004 beindi nefndin því til skipulagsnefndar hreppsins að „sérstaklega verði hugað að þessum ábendingum og leggur jafnframt til að skipulagsnefndin ráði sér ráðgjafa á sviði skipulagsmála sem geti veitt faglega aðstoð í þessum málum, sem og öðrum sem koma til kasta skipulagsnefndarinnar.“

Í byrjun var gildistími St 21 ákveðinn til ársins 2016 og var miðað við að öllum tilgreindum verkefnum yrði þá lokið. Jafnframt skyldi áætlunin og forgangsroðun verkefna endurskoðuð reglulega.

Hér er fylgt úr hlaði fyrstu endurskoðun Staðardagskrár 21 fyrir Skorradalshrepp og endurspegla áherslur að nokkru leyti stefnumörkun ASK 2008-2020 í sambærilegum málaflokkum, en nefndinni þótti ekki tímabært að samþætta þessar tvær áætlanir, þar sem mörg staðardagskrárverkefni bíða úrlausnar. Nýr gildistími er hins vegar ákveðinn til ársins 2020, til samræmis við aðalskipulagið, en áætlunin verður uppfærð eftir þörfum.

Umhverfisnefnd Skorradalshrepps

*Árdís Dögg Orradóttir*

*Hulda Guðmundsdóttir*

*Pétur Davíðsson*

og *Guðrún Guðmundsdóttir*, varamaður

# Staðardagskrá 21



## fyrir Skorradalshrepp

### 1. Samvinna íbúa og sumarhúsafólks

#### Staðan 2008:

- Á tímabili hittust formenn sumarhúsafélaga í Skorradal og hreppsnefnd einu sinni á ári á samráðsfundum. Þessi samráðsvettvangur hefur ekki verið virkur og þarf að bæta úr því. Vakinn er athygli á því að formenn sumarhúsafélaga geta haft forgöngu um boðun samráðsfundar.
- Félög sumarhúsaeigenda halda ekki sameiginlega samráðsfundi og íbúafundir eru ekki reglulegur vettvangur upplýsingamiðlunar.
- Sumarhúsafélögin miðla upplýsingum til félagsmanna sinna á aðalfundum og með fréttabréfum. Landeigendur hafa þar komið einstaka atburðum á framfæri. Þá hafa sumarhúsafélögin komið ýmsu gagnlegu á framfæri á vefsíðunni [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is).
- Skorradalshreppur tók við vefslóðinni [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) árið 2008 og þar er nú heimasíða hreppsins þar sem birtar eru fundargerðir nefnda og ýmiss fróðleikur. Þá er upplýsingum um helstu gjaldaliði sveitarfélagsins komið á framfæri á baksíðu álagningarseðla fasteignagjalda.
- Árið 2004 var lagt til að sameiginlegur upplýsingafulltrúi á vegum íbúa og sumarhúsafólks yrði ráðinn til reynslu í tvö ár. Starfssviðið yrði „að sjá um að taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri milli aðila og/eða setja þær inn á heimasíðuna [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is)“ Vefsíða hreppsins er opinn vettvangur upplýsingamiðlunar sem sumarhúsafélög og íbúar geta nýtt sér. Umsjónaraðili er [fjola@emax.is](mailto:fjola@emax.is)

#### Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og sumarhúsafólk í Skorradal vilja auka samskipti, tryggja upplýsingaflæði og skapa samkennd sín í milli, með því að:

- halda árlega samráðsfundi hreppsnefndar og formanna sumarhúsafélaga í dalnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og formenn sumarhúsafélaga í dalnum.*
- hvetja sumarhúsafélög á svæðinu til að mynda með sér samtök sem geti komið fram fyrir hönd sumarhúsaeigenda. *Ábyrgð: Sumarhúsafélög í dalnum.*
- hvetja landeigendur til að huga vel að þróun byggðar í dalnum við skipulagningu sumarhúsabyggðar. *Velferðarsjónarmið sumarhúsaeigenda mega ekki gleymast. Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur og félög sumarhúsaeigenda.*

## 2. Vatn

### Staðan 2008:

Fjögur vatnsból eru með starfsleyfi í hreppnum. Þau þjóna *Grund, Hvammsskógi, Vatnsendahlíð og tjaldsvæðinu í Selsskógi*. Vatnsbólín eru ýmist sem nýtt sem einkaveitur einstakra jarða og sumarhúsaferfa, en vatnsveitan í Birkimóa er í eigu hreppsins.

- Við gerð deiliskipulags er gerð krafa um tryggt aðgengi að drykkjarvatni, en ekki við aðalskipulag. Í aðalskipulaginu eru vatnsverndarsvæði hins vegar sýnd kringum vatnsból í hreppnum sem fengið hafa starfsleyfi.
- Eigendur vatnsveitnanna bera ábyrgð á gæðum drykkjarvatnsins.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ber ekki að hafa eftirlit með vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum (Rgl. nr. 536/2001 um neysluvatn).

### Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að tryggt verði hreint og ómengað drykkjarvatn með því að:

- hvetja eigendur veitna til að koma á reglulegu eftirliti með veitum og vatnsbólum sínum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Vesturlands og koma upplýsingunum á framfæri á heimasíðunni, [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is). *Ábyrgð: Veitueigendur.*
- lokið verði allri skráningu vatnsbóla, afmörkun vatnsverndarsvæða og veitingu starfsleyfa fyrir þau vatnsból sem falla undir ákv. 12. gr. rgl. 536/2001 um neysluvatn. *Ábyrgð: Veitueigendur og landeigendur.*
- vatn verði flokkað og skilgreind langtímamarkmið um varnir gegn mengun vatns, sbr. 8. gr rgl. nr. 796/1999<sup>1</sup>. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- rannsakaðir verði möguleikar þess að:
  - a) nota Skorradalsvatn eða Eiríkuvatn sem lind fyrir drykkjarvatn, sem síðan yrði síað og geislað
  - b) bora eftir köldu vatni, sem nýst gæti sem neysluvatn*Ábyrgð: Hreppsnefnd, veitufyrirtæki, landeigendur og aðrir hagsmunaaðliðar.*

### Brýnt verkefni vegna brunavarna:

- tryggt verði aðgengi að slökkvivatni, einkum úr Skorradalsvatni og komið verði upp brunavörnum til forvarna vegna mögulegra gróðurelda.
- gengið verði frá hættumati og viðbragðsáætlun vegna mögulegra gróðurelda í Skorradal.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við landeigendur og Slökkvilið Borgarbyggðar.*

<sup>1</sup> Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn til að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Skulu þær einnig skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu og á skipulagsuppdrætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýgingaruppdrátt sem sýnir ástand vatns. Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun gerir ráð fyrir.



### 3. Fráveitumál

#### Staðan 2008:

- Hreppurinn hefur styrkt kaup og niðursetningu rotþróa á lögbýlum.
- Á sjöunda hundrað rotþróa eru við sumarhús í hreppnum. Á nokkrum stöðum er óljóst hvar þær eru staðsettar.
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með rotþróatæmingum.
- Rotþróargjald er innheimt árlega, til að standa undir tæmingum sem fara fram á þriggja ára fresti, nú með samningi við Hreinsitækni ehf.
- Ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á mengun frá rotþróum, hvorki í jarðvegi né í Skorradalsvatni né verið unnið að flokkun vatns (samkv. 8. gr rgl. nr. 796/1999).
- Vöktun á mengun í Skorradalsvatni er ekki viðhöfð.

#### Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að tryggt sé að fráveitumál séu í lagi með því að:

- lokið verði úttekt á staðsetningu allra rotþróa í hreppnum og regluleg losun þeirra sé tryggð. *Ábyrgð: Hreppsnefnd*
- öll hús verði komin með viðurkenndar rotþrær fyrir 2020. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- vaktað verði með rannsóknum fagaðila, hvort mengun kunni að vera af frárennsli,
  - a) í Skorradalsvatni og Andakílsá
  - b) í jarðvegi*Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.*
- Stuðlað verði að rannsóknum á hugsanlegri mengun frá rotþróum í jarðvegi og hugsanlegri mengun í ám og vötnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- kannað verði hvort hægt sé að tengja rannsóknir af þessu tagi við nemendaverkefni t.d. hjá LbhÍ eða Raunvísindadeild HÍ. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*



## 4. Úrgangsmál

### Staðan 2008:

- Gámar fyrir heimilissorp eru á átta stöðum í hreppnum og annast Gámaþjónusta Vesturlands sorphirðu samkvæmt samningi. Úrgangur er nær óflokkaður og er fluttur á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum á Mýrum. Úrgangur frá atvinnurekstri er ekki aðskilinn frá heimilisúrgangi. Tafla um magn óflokkaðs úrgangs árin 2003-2008 í tonnum talið:

Ár	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Óflokkað	106,1	106,9	126,9	131,3	156,4	132,2
Brotajárn	14,5	21,8	22,1	31,8	49,4	24,1
Timbur	38,5	39,0	49,7	91,9	132,4	73,7

- Járn- og timburgámar eru staðsettir við Mófellsstaði og úrgangur úr þeim fluttur að endurvinnslustöð Gámaþjónustu Vesturlands á Akranesi.
- Íbúar og dvalargestir þurfa sjálfir að fara með spilliefni á viðurkennda móttökustaði.
- Innheimt er sorphirðugjald sem stendur ekki undir kostnaði við sorphirðuna.
- Upplýsingar um losun byggingarúrgangs og spilliefna fylgja byggingarleyfum.
- Eftirlit með sorphirðu er í höndum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

### Stefnumið stjórnvalda í úrgangsmálum eru eftirfarandi (úr landsáætlun UST):

- Taka skal mið af mengunarbótareglunni: úrgangshafi greiðir fyrir meðhöndlun úrgangs.
- Árleg skýrslugjöf sveitarfélaga/sorpsamlaga um magn og tegund úrgangs verði stöðluð.
- Ábyrg meðhöndlun asbests, sóttmengaðs úrgangs og mengaðs jarðvegs.
- Að spilliefni verði meðhöndluð innanlands eins og kostur er.
- Að allir þeir sem meðhöndla úrgang hafi til þess nægilega þekkingu.
- Að leitast verði við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs.

Markmið landsáætlunar er að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu hans og minnka magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar.

Markmiðin koma fram í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og nánar í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og eru:

- Að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann lífræna heimilisúrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.
- Annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur, sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.
- Að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs. Minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðarúrgangs skal vera endurnýttur, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðarúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig.
- Að endurnotkun og endurvinnsla úr sér genginna ökutækja sé eigi síðar en 1. janúar 2006 að lágmarki 85%, og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja að lágmarki vera 95%, og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis.
- Að safnað verði að jafnaði 4 kílóum á hvern íbúa á ári af raftækjaúrgangi og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

Ennfremur koma fram ákvæði í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en þar kemur fram að bannað er að urða kurluð dekk frá 16. júlí 2006 og að fyrir 16. júlí 2009 þurfi starfandi urðunarstaðir að hafa lagað sig að þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerðinni, eða loka ella.


- Frá og með 1. janúar 2009 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 75% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem til féll árið 1995.

- Fyrir 16. júlí 2009 þurfa starfandi urðunarstaðir að hafa lagað sig að þeim kröfum sem gerðar eru, sbr. reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs, eða loka ella.

- Frá og með 1. júlí 2013 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 50% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem til féll árið 1995.

- Frá og með 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja vera minnst 95% (ennfremur skulu minnst 85% af meðalþyngd ökutækis endurnotuð eða endurunnin).

- Frá og með 1. júlí 2020 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna heimilisúrgangs sem til féll árið 1995.



Þær tæknilegu lausnir sem notaðar eru til að ná markmiðunum skulu taka mið af þessari forgangsroðun

## Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að tryggt sé að úrgangsmál séu í lagi með því að:

- fylgt verði eftir markmiðum landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs, í samræmi við svæðisáætlun frá Gilsfjarðarbotni að Markarfljóti (aðgerðaáætlun).
- *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- upplýsingum um staðsetningu gáma ásamt hvatningu til fólks til að flokka úrganginn rétt, verði komið á framfæri á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is). *Ábyrgð: Umhverfisnefnd > hreppsnefnd, en hver og einn ber ábyrgð á því að „láta ekki sitt eftir liggja“.*
- sveitarsjóður beri ekki kostnað af hirðingu og meðhöndlun úrgangs heldur skuli sorpgjöld standa undir því. Beitt sé hagrænum hvötum, sbr. mengunarbótareglu<sup>2</sup>. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- komið verði á söfnun skilgjaldsskyldra drykkjarumbúða. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, t.d. í samráði við íþróttafélög/ungmennafélög.*
- kannaðir verði möguleikar á að koma á meiri flokkun úrgangs á gámasvæðum, s.s. pappír og drykkjarfernur. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- kannaðir verði möguleikar á að færa gámasvæði í alfaraleið. Það svæði verði afgirt og með fleiri flokkunarmöguleikum en nú er. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur, félag sumarhúsaeigenda.*

<sup>2</sup> Mengunarbótareglan kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur vegna skaða sem þeir valda. Á Íslandi er mengunarbótareglunni til dæmis framfylgt með því að leggja spilliefnagjald á öll spilliefni.





## 5. Umhverfisfræðsla:

### Staðan 2008

- Í Stálpastaðaskógi eru tvö trjásöfn og þar eru merktir göngustígar. Starfsmenn Skógræktar ríkisins veita leiðsögn um skóginn, sé þess óskað.
- Fræðslubækling og gönguleiðakort fyrir Síldarmannagötur er hægt að nálgast við upphaf leiðarinnar í Hvalfirði (í vörðunni).
- Við Fitjaengjar hafa landeigendur komið upp fræðsluskilti um örnefni og gróðurfar.
- Í landi Háafells hefur Skógræktarfélag Borgarfjarðar komið upp fræðsluskilti um Háafellsreit.
- Hreppsnefnd vinnur að gerð söguskilta sem komið verður upp á nokkrum stöðum.
- Örnefnakort af jörðum í Skorradal er í vinnslu.
- Fræðsluefni um umhverfismál hefur ekki verið sérstaklega unnið, en á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) hefur eitthvað af slíku efni verið sett inn og annað er í vinnslu.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal hvetja til þess að náttúran, sagan og umhverfið sé nýtt til fræðslu og skemmtunar með því að:

- heimasíðan [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) verði eflað og nýtt til miðlunar margskonar umhverfisfræðslu. *Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við fleiri aðila.*
- komið verði á samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, t.d. með námsferðum nemenda eða námskeiðum fyrir almenning/sumarhúsafólk. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- hvetja íbúa og sumarhúsafólk til þátttöku í vistvænum verkefnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og félag sumarhúsa eigenda.*
- Skógrækt ríkisins verði hvött til að stuðla að atburðum og fræðsluverkefnum í skóginum, auk þess að koma upp annars konar búnaði/leiktækjum sem lið í að auka upplifun fólks af skóginum og nýtingu hans. *Ábyrgð: Skógrækt ríkisins, Vesturlandsdeild; Hreppsnefnd.*
- fjölbreytni svæðisins til útivistar verði kynnt og það nýtt betur t.d. með því að komið verði upp „viðburðadagatali“ fyrir hreppinn, þar sem tilgreint er hvað sé á dagskrá yfir árið (t.d. „Skorrdælingar bjóða heim“, skipulagðar gönguferðir, hjólréiðakeppni, maraþon, dorgveiðikeppni, skautakeppni, siglingakeppni, o.s.frv.). Þetta sé gert til að festa ákveðna viðburði í sessi. Þessu verði komið á framfæri á heimasíðu hreppsins. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og félag sumarhúsa eigenda.*



## 6. Menningarminjar og náttúruvernd:

### Staðan 2008:

- Vatnshornsskógur var friðlýstur í janúar 2009. Önnur svæði innst í dalnum eru á náttúruminjaskrá 238 (sjá [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is))
- Unnið hefur verið að fornleifaskráningu í hreppnum í tengslum við deiliskipulagsvinnu, en sú skráning á einungis við fáa staði í hreppnum.
- Ekki varð af því að Skorradalur yrði sérstakt tilraunaverkefni um skráningu menningarminja í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins sökum fjárskorts til verkefnisins.
- Í aðalskipulagi hreppsins er gerð tillaga um hverfisvernd bæði náttúru og mannvirkja. Unnið verður frekar úr tillögunni í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að stuðlað sé að náttúruvernd og varðveislu menningarminja í dalnum með því að:

- dregið verði verulega úr miðlunarsveiflum í Skorradalsvatni til að koma í veg fyrir frekara landbrot og hættu á efnahagslegu tjóni. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, Orkuveita Reykjavíkur, Veiðifélag Skorradalsvatns.*
- unnið verði að bættu aðgengi almennings að Vatnshornsskógi í samræmi við friðlýsingarákvæði hans. *Ábyrgð: Umhverfisstofnun, Hreppsnefnd, Skógrækt ríkisins.*
- unnið verði að stækkun friðlandsins í Vatnshorni er taki til jarðarinnar allrar þar sem samþætt er áhersla náttúruverndar og verndun menningarminja. *Ábyrgð: Samvinna hreppsnefndar og Skógræktar ríkisins.*
- unnið verði að eflingu rannsókna á menningar- og þjóðminjum í dalnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við landeigendur.*
- sem mestum upplýsingum um náttúru og menningarminjar verði komið á framfæri, á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is). *Ábyrgð: Landeigendur og hreppsnefnd. Söguskilti verða sett upp í Vatnshorni, við Grund og Háafell árið 2009.*
- Húsakönnun verði gerð í samvinnu við Húsafríðunarnefnd og á grundvelli hennar mótuð stefna um varðveislu mannvirkja í hreppnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- stuðlað verði að því að gamla húsið á Mófellsstöðum verði gert að safni, t.d. með munum frá Þórði blinda. *Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við ábúendur og Safnahús Borgarfjarðar.*
- Sjá dæmi um söguskilti á næstu síðu:

## Tillögur að söguskiltum:


### 1. Brunnur Bjarna í Vatnshorni

Frá 1807 bjó Bjarni hreppstjóri Hermannsson (1774-1856) hér í Vatnshorni og til dánardægurs. Var hann þrífur og átti fjölda barna og eru miklar ættir frá sumum þeirra. Ekkert barn hans tók þó við búskapnum, heldur var jörðin seld á uppboði eftir lát hans.

Ungur maður, austan úr Árnassýslu, Björn Eyvindsson (1825-1899) reyndist hæstbjóðandi og keypti jörðina fyrir 780 ríkisdali. Björn var lengi einhver best megandi bóndi í Skorradal, og mikils virtur á flesta lund. Sonur Björns, Bjarni (1869 – 1941) og Sigríður Jónsdóttir frá Brennu (1877-1969) eignuðust Sólveigu (1905 – 1979) sem giftist Höskuldi Einarssyni (1906 - 1981). Börn þeirra eru Sveinn Skorri, Sigríður, Einar, Kristjana og Bjarni. Fjölskyldan flutti frá Vatnshorni haustið 1961 og þá fór jörðin í eyði.

Í ævisögu Bjarna Hermannssonar, skráðri af Ara Gíslasyni, segir um húsakynni í Vatnshorni að fjósið hafi staðið vestast í bæjarþyrpingunni og að innangengt hafi verið í fjósið, um gang úr eldhúsinu í bænum. Í fjósgang þennan gróf Bjarni brunn sem var mikið mannvirki, eftir því sem þá gerðist. Brunnurinn var hringlaga og hlaðinn að innan úr hellugrjóti. Efst var hann 8-10 feta víður, en í botninn álíka víður og tunna og var dýpt hans allt að 36 fetum eða um 12 metrar. Í skrásetningu Ara segir svo frá: „Á miðjum vegg voru stórar hellur út úr hleðslunni. Frá þessum hellum voru 10-12 steinþrep allbratt upp í fjósið, um útskot í hleðslunni.“ Þá kemur fram í ævisögunni að síðar hafi verið sett vinda í brunninn og þá hætt að nota þrepin.

Síðar var reist hús yfir brunninn og var hann í notkun allt framundir 1938, eða til þess er Höskuldur Einarsson (1906 – 1981) þáverandi bóndi í Vatnshorni og Eiríkur Þorsteinsson (1905 – 1976) nágrannabóndi í Bakkakoti grófu grunn að nýju fjósi og haughúsi „sunnan við bæjarhúsin gömlu“ eins og Sveinn Skorri Höskuldsson (1930 – 2002) getur um í bók sinni Svipþing (s. 211) sem kom út 1998. Sumarið 1937 höfðu þeir Höskuldur og Eiríkur, ásamt Brynjólfi smíð, unnið að byggingu steinsteypta íbúðarhússins, sem enn stendur „frammi á varpa gamla bæjarins“ (Svipþing s. 211). Sveinn Skorri minnst þess að hafa setið á torfþekju Brunnhússins þegar hann sá Eirík í fyrsta sinn. Um þá sýn segir Sveinn Skorri í lokasetningu bókar sinnar: „Mér fannst á þeirri stund að í honum [Eiríki] og þessum stráum [sunnan á torfþekjunni] hefði ég í raun kynnst mannkyninu öllu, lífinu öllu í smæð sinni og mikilleik“ (Svipþing s. 264).



Vatnshorn 1934

## 2. Skorraholar:

Sú skýring sem Landnáma gefur á heiti þessara þriggja hóla er að hér hafi Skorri sem „nam Skorradal fyrir ofan vatn“ verið heygður.

Sögnin er sú að Ketill gufa (kenndur við Gufunes) sem svo er nefndur í Landnámu og sagður hafa numið land norðan Breiðafjarðar, hafi átt tvo þræla; Flóka og Skorra sem voru bræður. Annan veturinn sem Ketill var á Íslandi sat hann í Gufunesi og var því nefndur „gufa“. Þann vetur struku Flóki og Skorri frá honum með konur og mikið fé. Nam Flóki land í Flókadal og Skorri í Skorradal „fyrir ofan vatn“. Svo fór að báðir voru drepnir, hvor í sínum dal; Skorri hér skammt frá Vatshorni og sögnin er sú að hann sé heygður í einum af þessum hólum.

Hvar sérð þú fyrir þér að Skorri hafi numið land? Hvað merkir „fyrir ofan vatn“? Hvar ætli bú hans hafi verið?

## 3. Baðlaug Guðmundar:

Fram yfir miðja 19. öld bjó að Háafelli Guðmundur Þorvaldsson (1792-1866), ættaður úr Landsveit. Hann giftist barnlausri ekkju á Háafelli og bjó þar meira en fjóra áratugi. Hann var dugandismaður og mikill hirðu- og jarðabótamaður og fékk heiðurspening fyrir; um 1850 var hann búinn að slétta sitt tún og hlaða garð umhverfis það. Þá steinlagði hann tröð í gegnum túnið, þar sem þjóðbrautin lá um.

Um Guðmund var sagt að hann væri engin höfðingjasleikja, fremur drykkfeldur, ertinn og stríðinn við öl. Fékkst hann allmikið við lækningar við allskyns kvillum og leitaði fólk til hans víðs vegar að, af landinu. Dvöldu sjúklingar hans í Háafelli, en hann lét gera baðlaug í heitri uppsprettu sem hér var (sjá rúst). Reisti hann hús yfir laugina og lét sjúklinga sína stunda heit böð, þeim til heilsubótar. Stóðu veggjatættur af baðkofanum hér fram yfir miðja 20. öld, en laugin kólnaði og hvarf um 1980, af völdum vegarlagningarrasks.

Böð í lauginni þóttu sérlega góð við „kvennasóttum“ en Guðmundur var raunar vakur kvennamaður og átti börn framhjá, en ekki með eiginkonunum, sem voru rosknar orðnar, þegar hann fékk þeirra.

## 4. Skorradalur (staðsetning: við Sarp) – sögusvið Íslendingasagna:

Í Laxdælu segir að Helgi Harðbeinsson „úr Dölum vestra“ búi í Vatnshorni en „hafði í seli í Sarpi.“ Helgi hafði átt hlutdeild í vígi Bolla, eiginmanns Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Bolli, sonur Guðrúnar og Bolla kom til að hefna fyrir víg föður síns og drap Helga þar sem hann var hér að seli sínu í Sarpi.

Þegar Bolli gekk á Guðrúnu móður sína og spurði hvaða mann hún hefði elskað mest gaf hún loks þetta fræga svar:

*Þeim var ég verst er ég unni mest.*



## 5. Skorradalur (staðs: á hreppamörkum á Geldingadraga?) - sögusvið Íslendingasagna:

Í upphafi Harðar sögu og Hólmverja (Harðar sögu Grímkelssonar) segir frá því að Þorgríma smiðkona, „fjölunnug mjög“ og Þorvaldur sem var „mikill maður og sterku“ búi í Vatnshorni í Skorradal.

Síðar segir að Indriði sonur þeirra og Þorgríma móðir hans hafi gert bú í neðanverðum Skorradal

„þar sem nú heitir á Indriðastöðum en Þorgríma bjó þá í Hvammi, móðir hans, en Þorvaldur var dauður, faðir hans.“ Indriði var kvæntur Þorbjörgu Grímkelsdóttur, systur Harðar, er dvaldi í Geirshólma í Hvalfirði, en sagan segir að Helgi hafi, ásamt fleirum, farið ránshendi í Skorradal. Hann hafi t.d. rænt sauðum frá mági sínum og dregið forystusauði yfir hér - sem síðan heitir Geldingadragi.

Eftir víg Harðar flúði Helga á sundi úr hólmanum ásamt tveimur sonum sínum og komst að Indriðastöðum, þar sem hún baðst griða hjá Þorbjörgu. Indriði og Þorbjörg eru sögð hafa búið „á Indriðastöðum til elli og þóttu hinir mestu menn og er margt manna frá þeim komið“



## 7. Samgöngur og fjarskipti:

### Staðan 2008

- Akvegir í Skorradal eru skilgreindir eftirfarandi:
  - Þjóðvegur/tengivegur frá hreppamörkum við Borgarbyggð og að Fitjum. Einnig vegurinn frá Geldingadraga yfir á Hesthals og Mófellsstaðavegur. Bundið slitlag er frá hreppamörkum að norðanverðu og inn að mörkum Vatnsenda og Hvamms, annað eru malarvegir.
  - Landvegur frá Fitjum inn á Uxahryggjaleið, malarvegur.
  - Safnvegur frá Dragavegi inn með Skorradalsvatni að sunnanverðu að Felli, malarvegur.
- Engar úrbætur í vegamálum í Skorradal eru tilgreindar í samgönguáætlun/vegaáætlun til 2010.
- Göngu-, reið-, og hjólaleiðir eru ekki aðrar en vegir og slóðar á svæðinu.
- Fastar símalínur ná inn að Dagverðarnesi að norðanverðu og að Indriðastöðum að sunnanverðu.
- Þráðlaust fjarskiptasamband fyrir síma og netnotkun er komið á víða í dalnum.
- Sjónvarps- og útvarpssendingar eru víða óviðunandi.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að stuðlað sé að sem bestum veg- og fjarskiptasamgöngum í dalnum með því að:

- malarvegir verði endurbættir og að reynt verði að finna bestu leiðina til að halda hámarkshraða í samræmi við aðstæður, t.d. með skiltum eða hraðaskynjara með blikkljósi sem sýni hraða og áminni fólk. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og Vegagerð ríkisins.*
- áfram verði haldið að bæta fjarskiptakerfið, þannig að net-, síma- og sjónvarpsskilyrði verði tryggð í öllum dalnum. *Ábyrgð: Hreppsnefnd og félag sumarhúsaeygenda.*
- komið verði upp sérmerktum göngu- og reiðleiðum, utan akvega. Sérstaklega verði hugað að göngubrautum með vegum í sumarhúsaferfunum þar sem þjóðvegir liggja um svæðin. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur og Vegagerð ríkisins.*
- slóðarnir sunnan Skorradalsvatns og upp á Uxahryggi verði lagfærðir sem flóttaleiðir vegna mögulegra gróðurelda. *Ábyrgð: Hreppsnefnd, þingmenn og almannavarnir.*
- reglur verði settar um umferð vélknúinna farartækja á Skorradalsvatni. *Ábyrgð: Veðifélag Skorradalsvatns/landeigendur, hreppsnefnd og stjórnir sumarhúsaeygenda.*





## 8. Auðlindir svæðisins:

### Vatnasvið Skorradalsvatns:

#### Staðan 2008

- Umhverfi Skorradalsvatns mótast mjög af nýtingu þess sem vatnsmiðlun fyrir Andakílsárvirkjun. Sveiflur eru miklar milli árstíma og hefur það áhrif á uppeldisstöðvar fisks í vatninu, auk þess sem hættu er á rofi á strandsvæðum, þegar vatnsstaða er há.
- Andakílsá nýtist ekki sem veiðiá ofan virkjunar, þar sem ófullnægjandi skilyrði eru fyrir fisk í henni vegna virkjunar árinna og vatnsmiðlunarinnar í útfalli hennar úr Skorradalsvatni.
- Fitjaá hefur lítið verið nýtt sem veiðiá, en er vaxandi veiðiá vegna urriðagengdar í hana. Lítið sumarrennsli í ána dregur þó úr möguleikum hennar sem veiðiáar.
- Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið að leggja fjármagn í rannsóknir á Skorradalsvatni og áhrifum miðlunarinnar.
- Fremst í Skorradal er Eiríksvatn sem er 0,77 km<sup>2</sup> að stærð og liggur í 278 m hæð yfir sjó. Nokkur silungsveiði er í vatninu, bæði að sumri og vetri. Fitjaá rennur úr því og í Skorradalsvatn.
- Til er Veiðifélag Skorradalsvatns sem nær til vatnsins, fiskgenga hluta Fitjaár og Andakílsár ofan virkjunar. Veiðifélagið hefur ekki starfað undanfarin ár.

### Orka:

#### Staðan 2008

- Skorradalsvatn er notað sem miðlunarlón fyrir Andakílsárvirkjun. Afkastageta virkjunarinnar eru 8,2 MW og meðaltals ársorkuvinnsla er um 34 GWh. Yfirborðssveiflur af völdum vatnsmiðlunar virkjunarinnar geta numið allt að 2 metrum, en náttúruleg sveifla yfirborðsins, fyrir vatnsmiðlun virkjunarinnar, er talin hafa verið nálægt 70 sm.
- Heitt vatn er í tveimur borholum í Skorradal, annars vegar í landi Stóru-Drageyrar, sem hefur verið virkjuð, og hins vegar í landi Hvamms, sem enn hefur ekki verið virkjuð.
- Engin stefna hefur verið mörkuð um orkunotkun/orkusparnað í hreppnum.

### Efnistaka:

#### Staðan 2008

- Nokkrar efnisnámur eru í hreppnum, flestar smáar og bundnar við framburð draganna á svæðinu. Sjá lista í ASK 2008-2020.

### Skógur:

#### Staðan 2008

- Skógur er víða í Skorradal, bæði villtur og ræktaður og hefur hann margháttað gildi.
- Vatnshornsskógur er friðlýst birkiskógarvistkerfi.
- Lundur í landi Háafells frá 1938 er heimild um menningarminjar. Komið hefur verið upp skilti við reitinn.

- Þjóðskógurinn á Stálpastöðum hefur verið í ræktun frá 1952 og hefur verið unnið að grisjun hans síðastliðin ár. Aukin áhersla er á skóginn sem tækifæri til útivistar og afþreyingar auk þess að hann veiti miklar upplýsingar til skógræktarfólks.
- Ýmsar nýttjar er hægt að hafa úr skógum fyrir utan útivistar- og fræðslugildi.

## Útivist og upplifun:

### Staðan 2008

- Í dalnum eru víða góðir möguleikar til útivistar. Áhugi almennings á útivist hefur aukist á undanförunum árum, en engin sérstök svæði, utan Stálpastaðaskógar og Selsskógar eru sérmerkt sem útivistarsvæði.
- Með friðun Vatnshornsskógar hafa skapast nýir útivistarmöguleikar.
- Skorradalsvatn gefur ýmsa möguleika, bæði sumar og vetur. T.d. fyrir skauta-, seglbáta-, seglsleða- og seglbrettakeppni.
- Vegalengdin umhverfis Skorradalsvatn gæti hentað til maraþonhlaups.
- Skarðsheiðin er áhugaverð fyrir göngu og klifuríþróttir og talsvert nýtt sem slík.
- Skorradalur gefur tilefni til upplifunar af ýmsum toga, t.d. þögn í náttúrunni, norðurljós, útsýni, lykt, vatnsniður o.fl. Misjafnt er hvað hver og einn lítur á sem auðlind í þessum efnum, en vaxandi áhersla er lögð á „upplifun“ í ferðaþjónustu.
- Nefnd hefur tvívegis staðið að auglýsingum um rannsóknarmöguleika í Skorradalsvatni. Í hvorugt skiptið bárust umsóknir. Ráðstöfun rannsóknarfjár OR er því ekki lokið.

## Framtíðarsýn og brýn verkefni:

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að auðlindir svæðisins nýtist og varðveitist sem best með því að:

- yfirborðssveifla Skorradalsvatns verði færð í átt til náttúrulegrar sveiflu, bæði til að vernda búsvæði fisks og til að draga úr landbroti sem stöðugt á sér stað meðfram vatninu. *Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur, Veiðifélag Skorradalsvatns og hreppsnefnd.*
- nægu vatni verði veitt í farveg Andakílsár, ofan virkjunar, til að þar verði lífvænlegt fyrir fisk. Þá verði búsvæði fisksins í ánni lagfærð. *Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur, Veiðimálastofnun og landeigendur að ánni.*
- Veiðifélag Skorradalsvatns verði endurvakið og veiðifélag Eiríksvatns verði stofnað, arðskrá gerð fyrir vötnin og samráð aukið við eigendur Andakílsárvirkjunar um rannsóknir og nýtingu Skorradalsvatns. *Ábyrgð: Veiðiréttareigendur, Orkuveita Reykjavíkur og hreppsnefnd.*
- malarnám verði ekki gert í fjöruborði eða árfarvegum, nema að undangenginni úttekt Veiðimálastofnunar og Umhverfisstofnunar, óháð stærð námanna. Vegna lítils undirlendis í sveitarfélaginu verði settar þrengri reglur um mat á umhverfisáhrifum malarnáma en eru samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. *Ábyrgð: Landeigendur og hreppsnefnd. Sjá ASK 2008-2020.*
- nota vistvæna orku og draga úr útblæstri koltvísýrings eins og kostur er, t.d. notkun vatnsorku, sólarorku og sparneytnari ökutækja. *Ábyrgð: Hver og einn.*
- hvetja til þess að heita vatnið í dalnum verði nýtt meira og víðar en nú er, bæði til einkanota og í atvinnuskyni. Veitustjórnir verði jafnframt hvattar til að ganga tryggilega frá affallsvatni þannig að sem minnst mengun hljótist af. *Ábyrgð: Veitueigendur.*
- ýtt verði undir upplifun fólks af mismunandi fyrirbrigðum í umhverfinu og sköpuð skilyrði til skynjunar á umhverfinu, s.s. lyktarskyns, snertingar, hljóðs/þagnar o.s.frv. *Ábyrgð: Landeigendur í samvinnu við nemendur í Umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.*



## Viðauki 1: Verkefnabanki

### Hugmyndir að fleiri verkefnum í málaflokkum Staðardagskrár 21 í Skorradalshreppi

#### Fráveitumál

- Fræðsluefni um rotþrær verði komið til sumarhúsafólks, t.d. um hreinsun rotþróa, hvaða hreinsiefni megi fara í rotþrær o.s.frv. Til þess að koma þessu á framfæri verði síðan [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) meðal annars notuð.

#### Úrgangsmál

- Tilraunir verði gerðar með heimajarðgerð meðal íbúa og/eða í sumarhúsahverfi. Auglýst verði eftir áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í tilrauninni. Sveitarfélagið útvegi viðurkenndar jarðgerðartunnur, sem þátttakendur geta fengið, gegn vægu gjaldi. Sveitarfélagið tryggi þátttakendum aðstoð við verkefnið og upplýsingum verði komið á framfæri, bæði áður en hafist er handa, sem og í framhaldinu. Eftirfylgni verði mjög ríkur þáttur í þessu verkefni.

#### Drykkjarvatn

- Kannaður verði möguleiki á því að einn aðili sjái um og reki vatnsveitur í dalnum.

#### Umhverfisfræðsla

- Komið verði á skipulögðum gönguferðum yfir sumarið, t.d. á Hestfjall, Skarðsheiði og Síldarmannagötur og þeim komið á framfæri við sumarhúsafólk sem og aðra. Þetta verði gert að árvissum göngum.
- Sveitarfélagið gerist aðili að „Vistvernd í verki“ og hvetji íbúana til þátttöku í verkefninu. Þannig stuðli sveitarfélagið að umhverfisfræðslu til almennings.
- Markvisst sé boðið upp á fræðsluefni, leiðsögn og verkefni fyrir grunnskóla sem koma vilja í námsferðir í Skorradal.
- Upplýsingaskilti með korti af gönguleiðum á svæðinu, verði komið upp t.d. við krossgötur hjá Grund.
- Aðilar í hreppnum standi sameiginlega að opnum degi, „Skorrdælingar bjóða heim“, þar sem ýmsir aðilar, bæði bændur og stofnanir, bjóða almenningi að koma og kynnast starfseminni.
- Útbúnir verði fræðslustígar með mismunandi þema.

#### Menningarminjar og náttúruvernd

- Komið á samstarfi við LbhÍ á Hvanneyri um afmörkuð verkefni og Fornleifavernd ríkisins um skráningu menningarminja og athyglisverðra staða í Skorradal.

### Samgöngur

- Setja þarf betri merkingar með vegunum, þar sem m.a. er varað við umferð riðandi og gangandi manna.
- Fleiri gönguleiðir en Síldarmannagötur verði merktar og kortlagðar.
- Kannaður verði möguleiki á því að koma upp eftirlitsmyndavélum með umferð.

### Auðlindir svæðisins

- Hreppsnefnd móti stefnu, sem tryggir aðgengi almennings að Skorradalsvatni hvar sem er. Nokkrir metrar næst vatnsborði verði aðgengilegir gangandi fólki.
- Gerð verði rannsókn á stofnstærð fisks í vatninu og hversu mikla nýtingu stofninn þoli.
- Komið verði á reglulegum fræðslu- og gönguferðum um skóga á svæðinu.
- Í samráði við sérfróða aðila verði unnið að því að efla Skarðsheiðina sem útivistarsvæði.
- Athugað verði hver markaðstækifæri eru fyrir fisk úr Skorradalsvatni.
- Komið verði á dorgkeppni að vetri til, sem verði á sama tíma á ári hverju. Afbrigði verði gerð á henni ef íslaut er.
- Kannað verði hvort strönd Skorradalsvatns geti uppfyllt skilyrði Bláfánans.

